

ÞRIF OG SÓTTHREINSUN GRIPAFLUTNINGABÍLA OG -VAGNA

1. Undirbúningur

- Útvegið lág- eða háþrýstidælu.
- Akið bílnum/vagninum á steinsteypt þvottaplan sem er með frárennsli í þró.
- Farið í hreinan hlífðarfatnað og stígvél.

2. Grófhreinsun

- Fjarlægið allan lausan skít og óhreinindi úr bílnum/vagninum með bursta og sköfu, bæði að innan og utan; af lofti, veggjum, grindum, gólfi, undirvagni, dekkjum o.s.frv.
- Safnið skítum saman í lekaheld ílát, lokið tryggilega og flytjið á urðunarstað sveitarfélagsins.

3. Sápun

- Blandið sápuefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- Úðið hæfilegu magni á alla fleti. Notið lágan þrýsting.
- Látið bíða í 20 mínútur.

4. Þvottur

- Þvoið alla fleti bílsins/vagnsins bæði að innan og utan með bursta. Byrjið efst og vinnið ykkur svo niður. Verið sérstaklega nákvæm með samskeyti, sprungur og aðra staði þar sem hætta er á að óhreinindi safnist fyrir.

5. Skolun

- Skolið að lokum með hreinu vatni með lág- eða háþrýstingi.
- Munið að þvo alla lausa hluti á sama hátt.

6. Þurrkun

- Látið þorna.

Mjög mikilvægt er að öll sjáanleg óhreinindi séu fjarlægð fyrir sótthreinsun og allir fletir þurrir.

7. Sótthreinsun

- Blandið sótthreinsiefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- Úðið hæfilegu magni á alla fleti bæði að innan og utan. Notið lágan þrýsting. Gætið sérstaklega vel að því að úða vel á undirvagn, dekk og aurlífar.
- Munið að sótthreinsa alla lausa hluti á sama hátt.

Ekki skola sótthreinsiefnið af.

8. Þrif og sótthreinsun á stjórnrymi

- Takið alla lausa hluti út úr stjórnryminu.
- Hreinsið gólf og fótstig með sópi.
- Hendið sandi, mold og rusli í sömu ílát og skít úr flutningsrymi.
- Berið sápublöndu á gólf, mottur og fótstig með mjúkum burstu.
- Látið bíða í 10 mínútur og hreinsið svo með hreinu vatni.
- Þvoið allt stjórnrymið og alla lausa hluti með vatni og sápu.
- Berið sótthreinsiblöndu á gólf, mottur og fótstig.

9. Að lokum

- Akið bílnum af þvottaplaninu, leggið honum í halla og látið hann þorna.
- Þvoið þvottaplanið með sápublöndu og fjarlægið öll óhreinindi.
- Sótthreinsið þvottaplanið með sótthreinsiblöndu.
- Þvoið og sótthreinsið hlífðarfatnað og stígvél.